

Íbúafundur í Skaftárhreppi

Inngangur

Eftirfarandi er samantekt sjónarmiða og ábendinga sem fram komu á íbúafundi í Skaftárhreppi 27. október 2020. Í samantektinni eru helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum kynnt en sjónarmið fá ekki vægi á grundvelli fjölda þeirra sem töluðu fyrir þeim. Slík úrvinnsla felur alltaf í sér einföldun og túlkun þess sem það gerir. Teikningar frá íbúafundinum eru aðgengilegar á svsudurland.is og gefa góða innsýn í umræðurnar.

Á fundinum fór fram umræða í 6 hópum, en í samantektinni er helstu sjónarmiðum úr öllum hópum slegið saman eftir þeim spurningum sem lagðar voru fram.

Eiga sveitarfélögin fimm að halda áfram viðræðum og leyfa íbúum að kjósa um sameiningu þeirra?

Allir sem tjáðu sig sammála því að halda áfram viðræðum. Enginn sem lýsti andstöðu. Flestir á því að skoða málið betur og leyfa íbúum að ákveða.

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Fjarlægðin milli fólks eykst – (líka gott stundum) – fólk kemur kannski síður sínum skoðunum á framfæri við sveitarstjórnarfulltrúa þar sem boðleiðirnar eru orðnar of langar
- Passa að það sé sama þjónustan í sveitarfélaginu
- Megum ekki láta fjármálahliðina bitna á stjórnsýslunni
- Ekki að láta hagræðinguna ráða ferðina
- Stjórnsýsla sé ekki of miðstýrð – valddreifing – íbúar hafi um sín mál að segja
- Að taka ekki of stór skref. Ekki missa stjórnendur úr skólaflokknum.
- Mjög ólík afstaða gagnvart þjóðgarðsmálum. Afstaða Skaftárhrepps er önnur til miðhálandisþjóðgarðs en hinna sveitarfélaganna. Varasta að láta eftir persónulegum hagsmunum, hafa sameinaða hagsmuni að leiðarljósi
- Passa að umræða verði ekki of einhæf og virða skoðanir hvers svæðis fyrir sig.
- Varðandi þjóðgarð – þarf að varast að utananaðkomandi hagsmunaaðilar komist inn í stjórn þjóðgarðs, á að vera skipuð heimafólki.
- Varðveita lýðræðislegt vald íbúa – þeir eiga að hafa mest um þessi mál að segja. Gleyma ekki dreifbýlinu (jaðarbyggðunum) sérstaklega í samgöngumálum. Hafa dreifða stjórnsýslu, passa upp á það.
- Að viðhalda viðburðum og hátíðum sem hafa fengið hefð í einstaka hverfum.
- Gæta að framboði og gæðum frístunda og íþróttar fyrir jafnt unga sem aldna.
- Verður að hafa starfsmenn til að sjá um viðburði o.þ.h. á hverju svæði. Verður að vera unnið svæðisbundið.
- Að jaðarbyggðir gleymist ekki, t.d. í framkvæmdum og viðhaldi
- Þurfum að passa það að við sem jaðarbyggð verðum ekki á jaðrinum.
- Starfsmenn þurfa að átta sig á því að það kemur til með að vinna fyrir sameiginlegt sveitarfélag en ekki skara eld að sínu gamla sveitarfélagi.
- Er möguleiki í heimastjórnunum? Fleiri raddir sem koma þar að. Áhugaverð tilraun, sérstaklega þegar um er að ræða fjarlægðir.
- Þarf að skrifa inn í samþykktir hvernig fundafyrirkomulag verður í nýju sveitarfélagi. Eitthvað sem við getum treyst en breytist ekki bara.

Hvað viljum við varðveita?

- Áhrif íbúa á sín mál tryggð, geti fjallað um þau og fái að hafa skoðun á þeim
- Varðveita stuttu boðleiðirnar og aðgengileikann
- Sérkenni, hefðir og menningu skólastofnana.
- Að varðveita jákvæða reynslu Skaftárhrepps af þjóðgarði. Virða þá miklu vinnu sem hefur verið unnin í þessum málum í Skaftárhreppi, frumkvæðið kom frá sveitarstjórn Skaftárhrepps.
- Heilsustefna í skólum. Heilsudagar hafa verið haldnir á hverju vori og því verður að halda.
- Leikskólinn á Klaustri er grænfánaskóli.
- Hlúa að frístunda- og íþróttastarfi eldri borgara.
- Halda fríðindum eldri borgara og starfsmanna sveitarfélaga til íþróttapátttöku.
- Viðhalda og efla bókasafnið.
- Að hinar ýmsu bæjarhátíðir/samfélagshátíðir haldi sérkennum sínum. Halda fjölbreytileikanum.
- Varðveita „partýhúsin“
- Huga að því að viðhalda góðu samstarfi við félög sem hafa sinnt og haldið utan um íþrótt-, tólmundastarf og menningarstarf.
- Standa vörð um starfsemi Kirkjubæjarstofu, kirkjustarf, kórastarf og að haldið verði vel utan um menningarstarf.
- Halda þeim menningarviðburðum sem hafa verið haldnir á hverjum stað, ekki draga neitt úr heldur bæta við. Sama á við varðandi frístunda- og íþróttastarf.
- Áhaldahús á hverjum stað – tækifæri að hafa sameiginlega yfirstjórn
- Sérvisku☺ Skaftfellsku hæverskuna.
- Skaftafellsýslan mjög hlédrægir en við þurfum að varðveita menningu og sögu og séreinkenni

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Tækifæri í að minnka aðkeypta þjónustu – meiri sérhæfing til hjá sveitarfélaginu sjálfu
- Minnka kostnað við endurskoðun
- Meiri fjarlægð eykur fagmennsku í stjórnun sveitarfélaganna
- Spurning um Svissnesku leiðina, oddvitastaðan færast milli gömlu sveitarfélaganna
- Rafræn innleiðing gæti orðið mun öflugri í sameinuðu sveitarfélaginu
- Hægt að greiða sveitarstjórnarfulltrúum fyrir sína vinnu og þeir sem brenna fyrir þessum málum kæmu frekar að borðinu
- Stærri eining á auðveldara með að sækja fjármagn til ríkisvaldsins – meiri slagkraftur
- Meiri sérfræðikunnátta til staðar til að takast á við stærri verkefni t.d. lausnir í fráveitumálum, sorpmálum etc.
- Meiri fjárfestingargeta fyrir sameinað sveitarfélag
- Gæti orðið markvissara samstarf milli skólastofnana. Jarðvangsskólar eru í Vík og Hvolsvelli væri hægt að samræma eitthvað.
- Aukin samgangur og samvinna í verkefnum milli barnanna. Samræma skóladagatöl? Með þemadaga í huga til dæmis. Styrkja starf og samstarf tónlistarskólanna. Nýta fjarfundarbúnað.
- Heilmiklir möguleikar fólgnir í að vera með eitt aðalskipulag í stóru sameinuðu sveitarfélagi, þó svo það sé áherslumunur á svæðum.
- Fá höfuðstöðvar þjóðgarðastofnunar í sveitarfélagið, fá fleiri fjölbreyttari störf.
- Mikil tækifæri í samgöngumálum – stærri rödd, aukinn slagkraftur.
- Faglegrí vinna í skipulagsmálum, ekki gott að hafa þau of persónuleg.

- Sorpmál: tækifæri í að samræma sorpflokkun og gera hana betri og einfaldari. Tækifæri til hagræðingar í þeim málaflokki.
- Nýta bæjarhátíðir sem aðdráttarafl og auki þátttöku milli hverfa.
- Í sameinuðu sveitarfélagi er meiri möguleiki á stærri viðburðum.
- Móta menningarstefnu fyrir nýtt stórt sveitarfélag.
- Opnar möguleika á betri nýtingu félagsheimila.
- Efling á félagsstarfi og íþróttastarfi eldri borgara, efling lýðheilsu.
- Skipuleggja bæjarhátíðir þannig að þær skarist ekki á tímalínunni.
- Marka stefnu í frístunda- og íþróttamálum fyrir nýtt stórt sveitarfélag.
- Aukin formfesta, þó þarf að efla drifkraft grasrótunnar.
- Sameiginleg innkaup
- Samnýting sérhæfðra tækja
- Sameiginleg stefna í sorpmálum
- Tækifæri í Kötlum Jarðvangi. Nýta þau verðmæti sem felast í honum.
- Getum fengið sérhæft fólk á svæðin til að stýra og skipuleggja menningar og íþróttastarf. Aðrir geta svo unnið undir þeim.
- Skoða markaðssetningu á neti ferðamannastaða þvert á sveitarfélög. Ath samvinnu við þjóðminjavörð.
- Tækifæri í landbúnaði. Kornrækt og grænmeti ákjósanlegt á svæðinu.
- Tækifæri í umhverfisvænni landbúnaði
- Ráða ráðunaut innan nýs sveitarfélags til að leiðbeina með nýsköpun í landbúnaði innansveitar
- Tækifæri til atvinnusköpunar á hálendinu